



Félög löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda
Ábm: Stefán D. Franklín
Formaður Ritnefndar FLE
Desember 2001
24. árgangur 3. tölublað

FLE fréttir

EFNI BLAÐSINS

Af stjórnarborði.....	1
Athyglisverðir úrskurðir yfirkattaneftar.....	3
Áhugaverðar heimasíður.....	3
Til sölu á skrifstofu FLE.....	3
Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2001.....	4
Til félagsmanna FLE.....	6
Stjórn og nefndir 2001–2002.....	8
Er verðbreytingafærslan að kveðja?.....	10
Fráteknar dagsetningar.....	11
Haustráðstefna FLE í London 4–5 október 2001.....	12
Haustráðstefna FLE.....	14
Skattadagur FLE.....	14
Ísland í fararbroddi?.....	15
Til hamingju með afmælið.....	16
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.....	17
Endurskoðendur breyta um vinnustað ...	17
Golfannáll.....	18

Af stjórnarborði

Breytingar á skattalögum – Tækifæri fyrir endurskoðendur

Fyrirliggjandi frumvarp til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt kveður á um viðamiklar breytingar, sem varða bæði einstaklinga og fyrirtæki. Veigamestu atriði frumvarpsins fela í sér verulega lækkun tekjuskattshlutfalla hjá lögaðilum.

Félag löggiltra endurskoðenda fagnar því að lagðar eru til breytingar á skattalögum sem ætlað er að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og jafnframt að bæta samkeppnisstöðu Íslands gagnvart öðrum löndum en það virðist vera meginmarkmið frumvarpsins.

Eins og fram kom í máli fyrirlesara á hausráðstefnu FLE þann 8. nóvember sl. þá voru þeir á einu máli um að með boðuðum skattalagabreytingum gæti Ísland skipað sér sess á meðal þeirra þjóða þar sem skattaumhverfi fyrirtækja er með því hagstæðasta sem völ er á. Breytingarnar ættu því að stuðla að því að fyrirtæki flyttu starfsemi sína síður úr landi. Samkvæmt þessu ættu einnig að skapast sóknarfæri fyrir Ísland að laða hingað erlenda starfsemi og fjármagn sem þýddi aukin efnahagsleg umsvif og hærri skatttekjur þrátt fyrir lægri skatthlutföll. Þetta sýnist mér vera sú meginhugsun sem býr að baki frumvarpinu.

Verði umrætt frumvarp að lögum og sé það mat rétt, að þar með hafi skapast ákjósanlegt umhverfi fyrir erlenda aðila að færa til Íslands ýmiskonar atvinnu- og fjármálastarfsemi, þá er nauðsynlegt að umheiminum sé gerð grein fyrir þeim tækifærum sem íslenskt skattaumhverfi býður upp á. Við þá kynningu tel ég að endurskoðendur geti haft miklu hlutverki að gegna. Með aðild að alþjóðlegum endurskoðunarkeðjum ætti að vera opið tækifæri fyrir íslensk endurskoðunarfyrirtæki að koma á framfæri til



Guðmundur Snorrason,
Formaður FLE

erlendra samstarfsfyrirtækja sinna þeim breytingum sem hér eru að verða. Þannig geta íslenskir endurskoðendur stuðlað beint að bættum eigin hag en jafnframt lagt sitt af mörkum til að efla íslenskt atvinnulíf, öllu samfélaginu til hagsbóta.

Mismunandi skattlagning rekstrarhagnaðar – Skiptir jafnræði máli?

Samkvæmt 27. gr. frumvarpsins er opnað fyrir heimild fyrir einstaklinga í atvinnurekstri að yfirfæra rekstur sinn í einkahlutafélag án þess að það hafi í för með sér skattskyldar tekjur.

Félag löggiltra endurskoðenda fagnar því að einstaklingum sé gert kleift að breyta einkarekstri sínum í einkahlutafélag án þess að eignayfirfærslan sé skattlögð.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er ljóst að margir aðilar í einkarekstri munu yfirfæra rekstur sinn í einkahlutafélög. Ástæðan er vitaskuld sú að hagnaður í einkarekstri mun áfram verða skattlagður með sama hætti og hverjar aðrar launatekjur. Þannig verður virkt skatthlutfall



einkahlutafélags 26,2%, þ.e. að teknu tillits til fjármagnstekjuskatts af úthlutuðum arði. Hagnaður í einstaklingsrekstri verður hins vegar skattlagður með allt að 45% skatti, auk hugsanlegra áhrifa á vaxtabætur og barnabætur.

Það er í mínum huga ljóst að verði frumvarpið óbreytt að lögum þá verður hér um hróplegt misræmi að ræða við skattlagningu sambærilegra tekna, þ.e. hagnaðar í atvinnurekstri. Hlutleysi og jafnræði ættu þó að öllu jöfnu að vera löggjafanum skýrt leiðarljós þegar skattamál eiga í hlut. Svo einkennilega vill til að hvergi er að sjá í greinargerð með frumvarpinu að vikið sé beinum orðum að þeim afleiðingum sem þetta ójafnræði mun hafa í för með sér. Eða þá að eytt sé orðum í að skýra þá pólitísku hugsun sem liggur að baki því að stuðla með þessum hætti að því að einstaklingar flytji rekstur sinn í einkahlutafélög þar sem um takmarkaða ábyrgð hluthafana er að ræða. Með hvaða hætti skyldi samfélagið hagnast á slíku?

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um álagningu á skattskyldar tekjur einstaklinga gjaldárið 2001 voru 16.203 einstaklingar með hagnað af rekstri á árinu 2000. Heildarhagnaður þessara aðila nam samtals 10,1 milljarði króna á því ári. Með þessar staðreyndir í huga þykir mér einsýnt að þúsundir einstaklinga muni nýta sér þessa heimild til yfirfærslu, enda annað ekki í samræmi við hagsmuni þeirra. Ætla má að meðalkostnaður við hverja slíka yfirfærslu verði almennt á bilinu 150 – 200 þús. krónur. Kostnaður 1.000 aðila yrði skv. því 150 – 200 milljónir króna. Ef 10.000 aðilar breyttu rekstrarformi sínu með þessum hætti má reikna með að kostnaður atvinnulífsins við það yrði 1,5 – 2,0 milljarðar. Sú spurning vaknar hjá mér hvort hér sé ekki verið að stuðla að óþarfa sóun. Ennfremur er ljóst að tilfærsla á skattstofnum frá einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag mun rýra tekjur sveitarfélaga.

Til að koma í veg fyrir fyrirséðar óæskilegar afleiðingar boðaðra lagabreytinga og einnig með vísan til jafnræðis- og hlutleysissjónarmiða þá hef ég velt því fyrir mér hvort ekki væri eðlilegt að gera breytingar á frumvarpinu þannig að hagnaður sem myndast í einstaklingsrekstri verði skattlagður með sama hætti og hjá hlutafélögum og sameignarfélögum, þ.e. með 26%

skatthlutfalli. Ég sé ekki hvaða meinbaugir gætu verið slíku fyrirkomulagi samfara. Forðæmi um slíka útfærslu mun vera að finna sums staðar erlendis, t.d. í Danmörku.

Endurskoðendur á sakamanna- bekk?

Í nýjasta fréttablaði RSK, Tíund (nóvember 2001), birtist athyglisverð grein ríkisskattstjóra, Indriða H. Þorlákssonar, sem hann nefnir Skatt-
eftirlit við breyttar aðstæður. Þessi skrif hafa orðið mörgum endurskoðendum að umtalfsni en í grein sinni beinir ríkisskattstjóri spjótum sínum að þeim sem „falbjóða þjónustu og ráðgjöf“ á sviði skattamála og talar hann í þessu sambandi um fagmenn, fyrirtæki og stofnanir sem starfa á vettvangi skattamála. Ríkisskattstjóri kemst að þeirri niðurstöðu að þessum aðilum „...þyki það næsta sjálfsgott að veita ráðgjöf sem beinlínis miði að því að komist verði hjá eðlilegri skattlagningu“. Ennfremur að þessir aðilar sendi þau skilaboð til almennings „.....að í lagi sé að koma tekjum og eignum undan réttmætri skattlagningu“.

Það hlýtur að verða að gera þær kröfur til ríkisskattstjóra að hann skýri nánar út hvaða aðila hann á við þegar hann talar um „fagmenn, fyrirtæki og stofnanir“ í þessu sambandi.

Einnig þarf hann að kveða upp úr um það hvort hann er að saka þessa aðila um lögbrot eða siðferðisbresti, nema hvort tveggja sé. Í ljósi þessara greinarskrifa ríkisskattstjóra vakna upp spurningar um það hvort endurskoðendur eigi að hafa einhverjar aðrar siðferðisviðmiðanir við vinnu fyrir viðskiptavinum sína en skattalög setja þeim.

Starfið framundan

Nýkjörin stjórn FLE kom saman til síns fyrsta fundar þann 21. nóvember sl. Síðan þá hefur formaður og varaformaður átt fundi með öllum fastanefndum félagsins í þeim tilgangi að móta starfið á nýbyrjuðu starfsári. Ljóst er að mörg brýn og ögrandi verkefni munu koma til kasta félagsins á næstunni, s.s. útfærsla á fráhrarfi frá verðleiðréttum reikningsskilum, gæðaeftirlit, menntunarmál o.s.frv. Það er greinilegt að í nefndir félagsins hefur valist áhugasamt fólk sem er reiðubúið að leggja félaginu til starfskrafta sína. Ég lít með tilhlökkun til samstarfs við þetta fólk á komandi misserum.

Ég þakka félagsmönnum ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða og óska þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla.



Gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Félag löggiltra endurskoðenda sendir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar óskir um gleðilega jólahátíð og gott og farsælt nýtt ár. Okkar bestu þakkir fyrir velvilja, gott samstarf og samverustundir á árinu sem er að líða.

Stjórn FLE
Ritnefnd FLE



Athyglisverðir úrskurðir yfirskattanefndar

Frá 307/2001 til 417/2001 / Steinþór Haraldsson lögfr. tók saman

307/2001 Framtal tekið sem kæra - Álag - Jafnræðisregla - kröfu kæranda hafnað.

Hjón skiluðu skattframtali sínu 2000 til skattstjóra 24. október 2000. Skattstjóri bætti 15% álagi á skattstofna og vísað til þess að framtöl 1996 og 1999 hefðu komið það seint að áætla hefði þurft skattstofna. Fyrir mistök sætti eingöngu annað hjóna álagi. Yfirskattanefnd sagði að verði misbrestur á framkvæmd stjórnvalds á tiltekinni réttarreglu gagnvart einstökum aðilum sé ekki hægt á grundvelli jafnræðisreglu að krefjast þess að stjórnvald haldi meintu athafnaleyfi sínu áfram og hagi sér svo gagnvart þeim. Kröfum kæranda hafnað.

413/2001 Vaxtatekjur - Launatekjur - Veðheimild

Kærandi veitti launagreiðanda sínum veð í fasteign sinni fyrir láni að fjárhæð 10.000.000. Kærandi tilgreindi í skattframtali sínu sem vaxtatekjur „ábyrgðargjald“ að fjárhæð kr. 300.000. Í bréfi kæranda til skattstjóra kom fram að

ábyrgðargjaldið væri hugsað sem þóknun fyrir veðheimildina og talið falla undir C-lið 7. gr. tskl. Yfirskattanefnd fjallaði um 67. gr. tskl. og taldi að 2. tölul. C-liðar 7. gr. tskl. ætti að skýra samkvæmt orðanna hljóðan þannig að undir það falli endurgjald vegna hvers konar hagnýtingar eða afnota annars af fasteign og réttindum sem tengjast fasteigninni. Í almennum eignarráðum fasteignareiganda felist m.a. réttur til að stofna til óbeinna eignarréttinda yfir fasteigninni, svo sem veðréttinda. Samkvæmt þessu yrði því að telja að endurgjald fyrir veðleyfi falli undir 2. tölul. C-liðar 7. gr. tskl. og því var fallist á kröfu kæranda.

417/2001 Fjármagnstekjur - Staðgreiðsla áfdregins fjármagnstekjuskatts - Arðgreiðslur - Reikningsskil

Kærandi kærði til yfirskattanefndar þá ákvörðun skattstjóra að áætla á kæranda skilaskylda fjárhæð fjármagnstekjuskatts fyrir greiðslutímabilið 1999. Kærandi gerði grein fyrir því að

færður hefði verið arður árið 1999 samkvæmt þeirri reikningsskilaaðferð að færa arð á því ári þegar sá hagnaður myndaðist sem arðurinn er reiknaður af. Á árinu 2000 hafi arðstillaga stjórnar verið samþykkt á aðalfundi félagsins, arðurinn verið greiddur út og fjármagnstekjuskattur dreginn af. Þessum fjármagnstekjuskatti hafi síðan verið skilað með viðeigandi skilagrein í lok janúar 2001. Kærandi lagði fram ljósrit af skuldahlíð efnahagsreiknings kæranda þann 31. desember 1999 og enn frekari sundurliðun á liðnum „aðrar skammtímaskuldir“, en í þeirri sundurliðun kom fram að meðal skulda félagsins í árslok væri talinn úthlutaður arður vegna 1999 til greiðslu á árinu 2000. Með hliðsjón af kröfugerð ríkisskattstjóra og framlögðum gögnum kæranda var fallist á þá kröfu kæranda að felld yrði niður ákvörðun skattstjóra um skilaskylda staðgreiðslu kæranda vegna reiknaðs arðs vegna reikningsársins 1999 sem skuldfærður var í reikningsskilum þess árs.

Áhugaverðar heimasíður

Alþingi Íslendinga.	www.althingi.is
Félag löggiltra endurskoðenda.	www.fle.is
Ríkisskattstjóri	www.rsk.is
Yfirskattanefnd	www.yskn.is
FEE-Evrópusamb. endurskoðenda	www.fee.be
	www.euro.fee.be
IFAC-Alþjóðasamtök endursk.	www.ifac.org
ISAC-Alþjóðl. reikningsskilaráðið	www.iasc.org.uk
Verðbréfaþing Íslands, útgáfufni	www.vi.is

Til sölu á skrifstofu FLE

- Handbók endurskoðenda. Útg. af FLE, 1996. Verð kr. 2.280,-
- Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-
- IASC International Accounting Standards 2001. Verð kr. 8.990,- án vsk.
- 2001 IFAC Handbook of Auditing and Ethics Pronouncements Verð kr. 15.000 án vsk.



Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2001

haldinn í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, föstudaginn 9. nóvember 2001

Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda var haldinn í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, föstudaginn 9. nóvember 2001.

Á fundinum var fjallað um fagleg málefni félagsins auk þess sem fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf.

Þetta gerðist:

Kosning fundarstjóra

Símon Á. Gunnarsson, formaður félagsins setti fundinn. Gerði hann tillögu um að Ólafur B. Kristinsson stýrði fundinum og var tillaga hans samþykkt. Fundarstjóri tilnefndi ritara stjórnar félagsins, Halldór Arason, sem fundarritara. Fundarstjóri kannaði hvort löglega hefði verið boðað til fundarins og lýsti síðan fundinn lög- mætan.

Tekin voru til afgreiðslu fagleg málefni.

Endurskoðunarnefnd – Grænt bókhald – Ný lagaákvæði

Lárus Finnbogason kynnti ný lög um Grænt bókhald, sbr. lög nr. 87/2001 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skv. lögnum er fyrsta bókhaldsárið 2003, en undanþáguákvæði er til 2006. Grænt bókhald er tilkomið vegna almennrar vakningar í umhverfisvernd. Lárus tilgreindi í því sambandi; fólksfjölgun og vaxandi heimsframleiðslu sem fylgdu fleiri umhverfisvandamál eins og gróðurhúsaáhrif. Skilgreining á grænu bókhaldi er að það sé efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, aðallega í forni tölulegra upplýsinga. Í máli Lárusar kom fram að í 3. gr. laganna segir m.a. „Starfsleyfishafi ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma

í skýrslu um grænt bókhald“ og „Skýrsla um grænt bókhald skal endurskoðuð á sambærilegan hátt og fjárhagsbókhald fyrirtækja“. Lárus sagði ljóst væri að endurskoðun á grænu bókhaldi þyrfti að uppfylla sömu kröfur og endurskoðun fjárhagsupplýsinga. Mikilvægt væri því að endurskoðendur og stjórn FLE sofnuðu ekki á verðinum, heldur að unnið verði í því þessi störf féllu endurskoðendum í skaut, en ekki öðrum sérfræðingum. Lárus sagði að lokum að ólíklegt væri að um mikinn „business“ væri að ræða vegna græns bókhalds fyrst um sinn, en það gæti þó aukist frá og með árinu 2006. Erindi Lárusar í heild sinni er vistað á heimasíðu FLE.

Gæðanefnd – skýrsla til aðalfundar FLE

Halldór Arason flutti skýrslu gæðanefndar. Hann byrjaði á að rifja upp störf gæðanefndar FLE frá áramótunum 1996/1997 og hvað hefði verið gert í gæðaeftirlitsmálum endurskoðenda frá þeim tíma. Má nefna að verkefni nefndarinnar í upphafi voru að kynna sér gæðaeftirlit meðal endurskoðenda í öðrum löndum og síðan mótu- un reglna um gæðaeftirlit. Á árinu 2000 voru samdir spurningarlistar um gæðastjórnun á endurskoðunarskrifstofum og farið var í heimsóknir í endurskoðunarfyrirtæki sem endurskoða fyrirtæki sem eru skráð á Verðbéfapíngi Íslands. Á árinu 2001 aflaði nefndin upplýsinga frá öðrum Norðurlöndum um þróun gæðastjórnunar og gæðaeftirlits hjá minni endurskoðunarfyrirtækjum í þeim löndum. Nefndin ræddi einnig við fulltrúa nokkurra af minni endurskoðunarskrifstofum innan FLE um þróun á gæðaeftirliti innan minni stofanna og hvernig gæðaeftirlitið geti beinst að þeim með sem

bestum hætti. Í framhaldi af þessu þá hefur nefndin sett fram tillögur, að höfðu samráði við stjórn FLE, um verkefni gæðanefndar FLE á næsta starfsári.

Svohljóðandi tillaga Gæðanefndar um frekari störf nefndarinnar var lögð fram:

Með vísan til 6. gr. reglna um gæðaeftirlit FLE, og að höfðu samráði við stjórn FLE, setur gæðanefnd fram eftirfarandi tillögu um verkefni gæðanefndar á komandi starfsári:

- Að gæðanefnd FLE í samvinnu við endurskoðunarnefnd og stjórn FLE, útbúi „gæðahandbók“ til notkunar fyrir þá aðila sem hafa ekki önnur gæðastjórnunarkerfi innan síns reksturs.
- Að gæðanefnd FLE í samvinnu við endurskoðunarnefnd og stjórn FLE, útbúi „vinnuspjöld“ í endurskoðunarmöppur (árs- og stofnmöppur) til notkunar fyrir þá aðila sem hafa ekki önnur kerfi innan síns reksturs.
- Að gæðanefnd FLE í samvinnu við stjórn FLE, standi fyrir námskeiðum eða kynningu á notkun „gæðahandbókar og vinnuspjalda kerfis FLE“.
- Að gæðanefnd FLE, í samráði við stjórn FLE, fullmóti reglur um framkvæmd gæðaeftirlits með vísan í 6. gr. reglna um gæðaeftirlit FLE.

Gert er ráð fyrir að gæðaeftirlitið hefjist á haustmánuðum ársins 2003 með heimsóknum til endurskoðenda eftir útdrætti. Gæðaeftirlitið mun beinast að skipulagi og framkvæmd gæðastjórnunar innan hvers fyrirtækis. Allir aðilar sem nú þegar hafa ekki innleitt gæðastjórnunarkerfi eiga þá að hafa kerfi sem byggist á „gæðahandbókar- og vinnuspjalda kerfi FLE“

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Menntunarnefnd – Skil á endurmenntunareiningum

Margret Flóvenz kynnti skil á endurmenntunareiningum. Hún rifjaði upp að skv. reglugerðinni þá miðuðust skilin við 90 einingar á þriggja ára tímabili og að skila ætti árlega gögnum vegna þessa til skrifstofu FLE. Margrét greindi frá því að af 257 félagsmönnum FLE þá væru 229 skilaskyldir auk 3ja utanfélagsmanna. Vegna ársins 2000 þá hefðu nú í nóv. 2001 66% þessara aðila skilað inn yfirliti um einingar sínar, en 34% ekki. Samsvarandi fyrir árið 1999 væru að 84% hefðu skilað inn og 16% ekki. Samkvæmt skiluðum einingum fyrir þessi ár þá væru 12% félagsmanna með yfir 90 einingar á ári, en 7% undir 30 einingum. Margrét sagði að lokum að almennt væru menn duglegir að skila inn. Samt sem áður væri að finna félagsmenn sem hefðu ekki enn skilað inn yfirlitum um einingar, aðilar sem þó væri vitað að væru með langt yfir 30 einingar á ári.

2. Skýrsla stjórnar

Símon Á. Gunnarsson, formaður félagsins gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári. Hann rifjaði upp skipan núverandi stjórnar sem skipuð er honum sjálfum sem formanni, Guðmundi Snorrassyni varaformanni, Hjalta Schiöth gjaldkera, Halldóri Arasyni ritara og Guðmundi R. Óskarssyni. Símon tæpti á ýmsum málum sem stjórn félagsins hefði komið að á síðasta starfsári. Í upphafi starfsársins funduðu formaður og varaformaður með fastanefndum félagsins í þeim tilgangi að marka stefnu þeirra fyrir starfsárið. Símon minntist á skipan vinnuhóps um verðbólguþrekingsskil sem vann hratt og skilvirkt. Á árinu voru tilnefndir af félaginu nýir menn í reikningsskilaráð og endurskoðendaráð. Símon fór yfir þær ráðstefnur sem félagið stóð fyrir á starfsárinu og fjallaði um þá góðu mætingu sem hefur verið á þessum ráðstefnum. Hann sagði að athygli hefði vakið utan stéttarinnar hve öflug félagsamtök FLE eru og hve virkir félagsmenn væru í félaginu. Símon kom inn á hádegisverðafundi FLE sem voru tíu talsins á síðasta ári, en ljóst er að mæting á þá fundi fer minnkandi og stjórn félagsins þurfi að skoða þau mál, t.d. vegna

efnisvals á fundunum. Á árinu voru haldin þrjú málþing í samvinnu FVH og endurskoðunarfyrirtækjanna PricewaterhouseCoopers, KPMG og Deloitte & Touche. Málþingin tókust með ágætum og voru þeim gerð góð skil í FLE-fréttum auk þess sem þau fengu góða umfjöllun í dagblöðum. Símon tæpti á útgáfumálum, en á árinu var gefinn út bæklingurinn „Endurskoðandinn – Hlutverk og ábyrgð“ og hvatti hann félagsmenn til að dreifa bæklingnum sem víðast. FLE-fréttir komu úr þrisvar á árinu og svo er heimasíða félagsins hluti af útgáfustarfi þess. Formaðurinn kom inn á erlend samskipti á árinu og nefndi í því sambandi NRF, NRK, FEE, IFAC og IASB. Aðalfundur Norræna endurskoðendasambandsins NRF var haldinn í ágústmánuði í Finnlandi. Formaður og varaformaður FLE sóttu fundinn ásamt Árna Tómassyni sem er formaður NRF til næstu áramóta. Formaður vakti athygli á starfi fastanefnda félagsins, sem hann hafði líka gert á síðasta aðalfundi. Þá komust fundir nefndanna mest í 32 fundi, en nú í 36 fundi sem er óhóflegur fundafjöldi í sjálfböðavinnu. Hann telur að nauðsynlegt sé fyrir nýja stjórn að velta fyrir sér framtíð þessa starfs. Símon vék því næst að menntunarmálum endurskoðenda. Hann taldi að þar þyrfti félagið að koma meira að málum. Félagið gæti styrkt stöðu við Háskóla Íslands sem væri á sviði endurskoðunar, en mikilvægt er fyrir félagið að menntun endurskoðenda sé eins og best verður á kosið. Símon benti á töflu um félagsaðild í FLE í ársskýrslunni, en þar kemur m.a. fram að félagsmönnum í FLE hafið fjölgað um 21 frá árinu 1999 til 2001. Athygli vekur að aðeins 5 af þeim skila sér inn á endurskoðunarstofurnar og í árslok 2001 eru 187 félagsmenn á stofu en 70 utan stofu.

Símon minntist látins félagsmanns og fyrrverandi formanns Eyjólf K. Sigurjónssonar sem lést á árinu.

Að lokum sagði Símon að formennskuár sín væru nú á enda og vildi hann færa sérstakar þakkir til Þorvarðar Gunnarssonar, forvera síns sem formanns FLE og Guðmundar Snorrasonar, verðandi formanns. Einnig til nefndarmanna, Arnbjargar Eddu starfsmanns félagsins og til félagsmanna allra fyrir öfluga þátttöku í starfi félagsins. Það væri þessu fólki að þakka að

hann hefði aldrei séð eftir því að gefa kost á sér til þessara starfa.

3. Lagður fram ársreikningur félagsins til afgreiðslu

Guðmundur Snorrason, varaformaður félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins.

Rekstrartekjur félagsins námu 18,0 millj.kr., rekstrargjöld 16,2 millj.kr. og fjármagnsliðir voru neikvæðir um 0,5 millj.kr. Tekjur umfram gjöld á tímabilinu voru því 1,3 millj.kr. Eignir félagsins skv. efnahagsreikningi námu 30,4 millj.kr. og skuldir 1,7 millj.kr. Eignir félagsins í rekstri og eigið fé nemur 28,9 millj.kr.

Nokkrar fyrirsurnir komu fram vegna ársreikningsins:

Ásbjörn Björnsson, spurði um ávöxtun á verðbréfaeign félagsins. Svar stjórnar var að ávöxtunin væri lakari en vonast hafði verið eftir, eins og því miður hefði verið hjá mörgum aðilum á þessu ári.

Þórarinn Þ. Jónsson, spurði um hvort það væri stefna félagsins að safna auði. Svar stjórnar var að það væri ekki stefna félagsins að safna auði. Fjárhagsáætlun síðasta árs var ekki með hagnaði, en auknar tekjur af ráðstefnum sé skýringin á því að í ársreikningi sé hagnaður. Eignir félagsins sé gamall stofn sem hefur verið ávaxtaður og núverandi stjórn teldi ekki rétt að deila honum út, heldur nota frekar í menntun endurskoðenda.

Ólafur Nilsson minnti á að fjármunirnir væru vegna sölu á húsnæði FLE og að gott væri að eiga varasjóði til uppbyggingar á verkefnum í framtíðinni.

Reynir Vignir þakkaði stjórninni fyrir góða skýrslu og spurði hvort vinna væri hafin varðandi aðkomu FLE að menntun endurskoðenda. Svar stjórnar var að það væri ekki nema hvað nokkur umræða hefði orðið um menntun á sviði alþjóðlegs skattaréttar.

Að loknum þessum fyrirsurnum var ársreikningur félagsins samþykktur samhljóða.

4. Skýrslur fastanefnda

Álitsnefnd:

Símon Á. Gunnarsson kynnti starf Álitsnefndar og vísaði til ársskýrslunnar í því sambandi.



Endurskoðunarnefnd:

Lárus Finnbogason vísaði til ársskýrslu um störf endurskoðunarnefndar. Lárus vitnaði til samþykta FLE og taldi að skilgreiningu þar á störfum endurskoðunarnefndar, um samningu á leiðbeinandi reglum, væri úrelt ákvæði. Hann teldi að nefndin ætti frekar að standa fyrir kynningu á alþjóðlegum stöðlum, t.d. nýju efni þaðan. Lárus sagði einnig að fulltrúar frá endurskoðunarnefndinni hefðu ekki haft tíma til þess að fara á fund norrænu endurskoðunarnefndanna í sumar og á meðan skandinaviska væri aðaltingumálið þá væri erfitt að taka virkan þátt í því sem þar fer fram.

Reikningsskilanefnd:

Jóhann Unnsteinsson kynnti verkefni nefndarinnar. Hann fór yfir skýrslu nefndarinnar sem er í ársskýrslunni og sagði að við þau verkefni hefði bæst; umfjöllum vegna tekjuskattskuldbindinga, sem var vísað til reikningsskilaráðs og að nefndin væri að skoða frumvarp ríkisstjórnarinnar um skattabreytingar. Jóhann sagði að lokum að hann teldi að næsta mál nefndarinnar væri útfærsla á því að færa sig úr verðleiðréttum reikningsskilum yfir í óverðleiðrétt reikningsskil.

Menntunarnefnd:

Ómar H. Björnsson kynnti störf menntunarnefndar og vísaði til ársskýrslunnar. Hann

minnti á að meginverkefni nefndarinnar hafi falist í að undirbúa þær ráðstefnur sem félagið hefur haldið á árinu. Mikill tími hefði farið í undirbúning á haustráðstefnu í London og nefndin hefði haldið 36 fundi. Mjög góð þátttaka hefði verið á þessum ráðstefnum og að lokum benti Ómar á hve mikla umfjöllun ráðstefnan nú í nóvember hefði fengið í fjölmiðlum.

Ritnefnd:

Ágúst Jóhannesson kynnti störf ritnefndar og vísaði til ársskýrslunnar. Á síðasta starfsári voru gefin út 3 tölublöð FLE-fréttar, þar sem verðbólguþróunir voru ofanlega á baugi auk umfjöllunar um ráðstefnur sem haldnar voru í samvinnu við FVH. Heimasíða félagsins var nýtt til viðhorfskönnunar á verðbólguþróunirum. Heimasíða félagsins var vel sótt á síðasta ári, en meðal verkefna nefndarinnar á næsta ári verður að uppfæra hana og fá nýja umsjónaraðila með henni. Félagsmenn eru hvattir til að koma með ábendingar til nefndarinnar um efni í FLE-fréttir eða eitthvað sem betur má fara t.d. á heimasíðunni.

Skattanefnd:

Þorsteinn Haraldsson kynnti störf nefndarinnar og vísaði til ársskýrslunnar. Þorsteinn rifjaði upp að nefndin hefði átt fundi með ríkisskattstjóra um frestmál. Slík mál eru ekki einföld því auk

ríkisskattstjóra þá þarf ríkisbókhald og tollstjóraembættið að koma að málinu. Þorsteinn benti á að Fjármálaráðuneytið hefur nú sett á lagginnar „frestanefnd“ sem mun fjalla um þau mál.

Gæðanefnd:

Halldór Arason vísaði til skýrslu nefndarinnar sem flutt var á aðalfundinum og til ársskýrslunnar.

5. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins

Engar tillögur hafa borist.

6. Kosning formanns

Tillaga uppstillinganefndar um að Guðmundur Snorrason yrði kjörinn sem formaður félagsins var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

7. Kosning varaformanns

Tillaga uppstillinganefndar um að Sigurður B. Arnþórsson kjörinn sem varaformaður var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

8. Kosning meðstjórnanda

Tillaga uppstillinganefndar um Helgu Harðardóttur til tveggja ára var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

9. Kosning endurskoðanda og varaendurskoðanda

Tillaga uppstillinganefndar um Einar H. Einarsson sem endurskoðanda og Guðmund Jólsson sem varaendurskoðanda var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

10. Kosning tveggja aðalmanna og varamanns í Álitsnefnd samkvæmt 12. gr. félags-samþykta

Tillaga uppstillinganefndar um Þorvarð Gunnarsson og Þorstein Haraldsson sem aðalmenn og Guðmund Óskarsson sem varmann var bor-

Til félagsmanna FLE

Í reglugerð um endurmenntun endurskoðanda segir m.a. að endurskoðandi skuli á hverju þriggja ára tímabili sækja endurmenntun sem svarar til 90 eininga.

Fyrsta endurmenntunartímabilið hófst 1. janúar 1999 og því lýkur nú um áramótin.

Þátttöku í námskeiðum eða fyrirlestrum skal skrá á eyðublað sem Félag löggiltra endurskoðanda útbýr til notkunar við framkvæmd reglugerðarinnar.

Skráningarblöðum þarf að skila til skrifstofu félagsins fyrir 31. janúar 2002.

Þeir sem öðlast löggildingu eftir 1. janúar 1999 hefja endurmenntunartímabil sitt í byrjun næsta árs eftir löggildingu.



in upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

11. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Endurskoðunarnefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Jón Arnar Baldurs til þriggja ára og Heimi Þorsteinsson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

12. Kosning eins manns til eins árs, eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Reikningsskilanefnd

Einn nefndarmaður óskaði á starfsárinu eftir að fá að vika úr nefndinni og þurfti því að kjósa einn mann til eins árs til viðbótar hefðbundinni kosningu. Tillaga uppstillinganefndar um Jóhann Unnsteinsson til eins árs, Jón S. Helgason til þriggja ára og Knút Þórhallsson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

13. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Menntunarnefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Gerði Guðjónsdóttur til þriggja ára og Þóri Ólafsson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

14. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Ritnefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Sigurð M. Jónsson til þriggja ára og Ómar H. Björnsson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

15. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Skattanefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Gunnlaug Krist-

insson til þriggja ára og Guðmund J. Þorvarðarson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

16. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Gæðanefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Ásbjörn Björnsson til þriggja ára og Óskar Sverrisson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

17. Tillaga stjórnar um árstíllag félagsmanna næsta reikningsár

Guðmundur Snorrason gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnarinnar:

Stjórn félagsins gerir tillögu um að árstíllag félagsmanna verði 48.000 kr. á starfsárinu 1. september 2001 til 31. ágúst 2002. Skýrði hann framlagða rekstraráætlun næsta árs sem miðast við tillöguna um árstíllag.

Gunnlaugur Kristinsson spurði út í rekstraráætlunina, en þar kemur fram að tillag vegna ritnefndar (heimasíðu) nemur kr. 200.000 sem væri of lágt miðað við hvað ritnefndin ætlaði sér á næsta starfsári. Svar stjórnar var að ritnefndin hefði ekki lagt fyrir stjórn áætlun um kostnað á næsta ári og hefði þessi fjárhæð verið áætluð út frá fyrri árum.

Árstíllag að fjárhæð kr. 48.000 var samþykkt einróma.

18. Önnur mál

Ólafur Nilsson, fyrir hönd „öldungadeildar FLE“, þakkaði stjórninni ágæt störf á starfsárinu og ráðdeild. Hann benti á að ef hagnaður héldist áfram þá væri hugsanlegt að lækka gjaldskrá á „öldungadeild FLE“

Símon Gunnarsson, fyrrverandi formaður kvaddi sér hljóðs og óskaði nýrri stjórn til hamingju og jafnframt kallaði hann til Guðmund Snorrason, nýkjörin formann. Sagði Símon að sitt síðasta embættisverk væri að hengja á nýjan formann félagsins, keðju formanns, sem önnur Norðurlönd gáfu FLE á árinu 1985, sem hann og gerði.

Guðmundur Snorrason, nýkjörin formaður

kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir traustið sem sér væri sýnt og vonaðist til að hann stæði undir væntingum félagsmanna. Hann sagði að ný stjórn mundi feta í fótspor eldri stjórna félagsins, sem hafa verið að gera góða hluti. Guðmundur vék síðan að tilgangi félagsins, mikilvægt væri að félagið væri ekki þiggjandi heldur gefandi. Félagið á að láta vita að sér, vera sýnilegt, til að skoðanir þess og félagsmanna kæmst á framfæri. Fyrirhugaðar skattbreytingar ríkisstjórnarinnar gæfu sóknarfæri í skattasamkeppni milli landa. Endurskoðendur ættu að leggja meiri áherslu á markaðsetningu og benti á að endurskoðendur gætu í gegnum sín erlendu samstarfsfyrirtæki, kynnt fyrir umheiminum fyrirhugaðar skattabreytingar og viðskipta-umhverfið á Íslandi almennt.

Guðmundur þakkaði fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári við stjórn, nefndir og starfsmann félagsins. Þá flutti hann sérstakar þakkir til fráfarandi formanns, Símons Á. Gunnarssonar, og óskaði honum alls hins besta í framtíðinni.

Ólafur fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir fundarsetu og sleit fundi kl. 16:20.

Fundarstjóri
Ólafur Kristinsson

Fundarritari
Halldór Arason

Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9 – 12:30.

Sími: 568 8118

Fax: 568 8139

Tölvupóstfang: fle@islandia.is

Heimasíða: www.fle.is



Stjórn og nefndir 2001–2002

Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2001–2002



Félagsstjórn frá vinstri: Helga Harðardóttir, gjaldkeri, Guðmundur Snorrason, formaður, Guðmundur R. Óskarsson, meðstj., Sigurður B. Arnþórsson, varaformaður og Halldór Arason, ritari. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.



Endurskoðunarnefnd frá vinstri: Hildur Árnadóttir, Jón Arnar Baldurs, Heimir Þorsteinsson og Sveinn Arason, formaður. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.

Félagsstjórn

Guðmundur Snorrason, formaður
Sigurður B. Arnþórsson, varaformaður
Guðmundur R. Óskarsson, meðstj.
Halldór Arason, ritari
Helga Harðardóttir, gjaldkeri

Álitsnefnd

Guðmundur Snorrason, formaður
Sigurður B. Arnþórsson
Símon Á. Gunnarsson
Þorsteinn Haraldsson
Þorvarður Gunnarsson
Guðmundur Óskarsson, varamaður

Endurskoðendur

Einar H. Einarsson, endurskoðandi
Guðmundur Jólsson, varaendurskoðandi

Menntunarnefnd

Margret G. Flóvenz, formaður
Páll Grétar Steingrímsson
Gerður Guðjónsdóttir
Þórir Ólafsson, varamaður



Ritnefnd frá vinstri: Sigurður M. Jónsson, Ágúst Jóhannesson, Stefán D. Franklin, formaður og Ómar H. Björnsson. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.



Menntunarnefnd frá vinstri: Margret G. Flóvenz, formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Páll Grétar Steingrímsson og Þórir Ólafsson. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.

Endurskoðunarnefnd

Sveinn Arason, formaður
Hildur Árnadóttir
Jón Arnar Baldurs
Heimir Þorsteinsson, varamaður

Reikningskilanefnd

Jóhann Unnsteinsson, formaður
Vignir Rafn Gíslason
Jón S. Helgason
Knútur Þórhallsson, varamaður

Skattanefnd

Einar H. Einarsson, formaður
Aðalsteinn Hákonarson
Gunnlaugur Kristinsson
Guðmundur Jens Þorvarðarson, varam.

Ritnefnd

Stefán D. Franklín, formaður
Ágúst Jóhannesson
Sigurður M. Jónsson
Ómar H. Björnsson, varamaður

Gæðanefnd

Davíð Einarsson, formaður
Hjördís Ásberg
Ásbjörn Björnsson
Óskar Sverrisson, varamaður

Uppstillingarnefnd

Sigurður B. Arnþórsson
Sigurður P. Sigurðsson
Sigurþór Ch. Guðmundsson



Reikningskilanefnd frá vinstri: Vignir Rafn Gíslason, Knútur Þórhallsson, Jón S. Helgason, Jóhann Unnsteinsson, formaður. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.

Siðanefnd

Helena Hilmarsdóttir,
formaður og fulltrúi stjórnar FLE
Jóhann Unnsteinsson,
fulltrúi Reikningskilanefndar
Hildur Árnadóttir, fulltrúi Endurskoðunarnefndar

Orðanefnd

Sigurður P. Sigurðsson
Helga Harðardóttir
Sigurþór Ch. Guðmundsson
Símon Á Gunnarsson
Stefán Svavarsson



Skattanefnd frá vinstri: Guðmundur Jens Þorvarðarson, Aðalsteinn Hákonarson, Einar H. Einarsson, formaður og Gunnlaugur Kristinsson. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.



Gæðanefnd frá vinstri: Hjördís Ásberg, Davíð Einarsson, formaður, Óskar Sverrisson og Ásbjörn Björnsson. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.



Er verðbreytingafærslan að kveðja?

Nái frumvarp um afnám verðbólgu-reiknings-skila, sem nú liggur fyrir Alþingi fram að ganga, mun það hafa í för með sér verulegar breytingar á þeim uppgjörsaðferðum, sem íslensk fyrirtæki hafa stuðst við síðastliðin 20 ár.

Upphaf verðleiðréttra reikningsskila

Umræður um upptöku verðbólgu-reikningsskila hófust hér á landi á 8. áratugnum, á þeim tíma þegar verðbólga var mjög há. Í fyrstu miðaðist umræðan við að gera leiðréttingar á skattstofnum fyrirtækja, sem menn töldu að skekkust verulega við óðaverðbólgu. Seinni hluta áratugarins tíðkaðist m.a. notkun á sér-tæku endurmati, en með lögum nr. 40/1978 um tekju- og eignarskatt og síðan breytingu á þeim í lögum nr. 75/1981, má segja að búið hafi verið að móta þær meginhugmyndir, sem fylgt hefur verið síðan við skattskil. Reikningsskilanefnd félags löggiltra endurskoðanda hóf þegar á þessum tíma að kanna hvernig bæta mætti afkomumælingar í óðaverðbólgu við gerð reikningsskila fyrirtækja. Í því skyni gaf hún út

árið 1979 leiðbeinandi ársreikning til notkunar við reikningsskil. Segja má að það sem þar var sett fram hafi verið grunnur að þeim reglum sem svokölluð fráviksaðferð byggir á. Á fyrstu árum 9. áratugarins fóru fram miklar umræður á meðal félagsmanna Félags löggiltra endurskoðanda (FLE) um reikningsskil í óðaverðbólgu, sem leiddi til þess að reikningsskilanefnd FLE lagði fram drög að endanlegum leiðbeiningum um fráviksaðferðina árið 1985. Tilgangur þeirra var að móta stefnu um notkun fráviksaðferðarinnar í þeim tilvikum sem reglur skattalaga um endurmat eigna, afskriftir og reiknaða verðbreytingarfærslu voru taldar gefa misvísandi niðurstöðu um afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækja. Þó að drögin hafi ekki verið samþykkt formlega innan FLE, myndaðist mikil samstaða um aðferðina og hefur verið notast við þau fram til þessa dags.

Í bráðabirgðaákvæði með skattlögum nr. 1981, var öllum bókhaldsskyldum aðilum heimilt að miða gerð ársreikninga sinna við ákvæði skattalaganna að því er varðar endurmat, fyrningar og færslu verðbreytinga. Í nýjum lögum



H. Ágúst Jóhannesson endurskoðandi hjá KPMG

um hlutafélög, ársreikninga og bókhald árið 1994 var síðan lögleidd sérstaklega heimild til notkunar verðleiðréttinga í reikningsskilum.

Verðbólguþróun 1975 - 2001


Meðfylgjandi mynd sýnir verðlagsþróun frá árinu 1975 til þessa dags, reiknaða miðað við skattstuðla. Á árunum 1975 – 1985 geisaði hér óðaverðbólga, sem fór hæst í 72% árið 1983. Aftur á móti hefur verðbólga síðustu ára verið mun minni.

Á þeim tíma sem myndin nær yfir hefur verðlag 300 faldast. Til samanburðar má geta þess að verðlag tvöfaldast ef verðbólga er að meðaltali 3% á ári yfir jafnlangt tímabil.

Af hverju að gera breytingar?

Á síðastliðnum árum hafa erlendar fjárfestingar fyrirtækja og einstaklinga aukist mikið. Mörg íslensk fyrirtæki eru eignaraðilar í erlendum félögum og eitthvað er um að erlend félög séu hluthafar í íslenskum félögum. Þar sem notkun verðleiðréttra reikningsskila þekkist ekki í löndunum í kringum okkur, hafa komið upp ýmis vandkvæði við frágang reikningsskila milli landa og samanburð félaga hér á landi við erlend félög. Verðbréfaþing Íslands er tengt kauphöllum annarra Norðurlanda og fleira mætti nefna. Þetta breytta umhverfi hefur kallað á endurskoðun þeirra aðferða sem beitt hefur verið, til samræmingar við það sem tíðkast í löndunum í kringum okkur. Þó eru flestir sam-mála um að frumkvöðlar verðbólgu-reikningsskila hér á landi hafi sýnt framsýni með upptöku

Árlegar vísitölubreytingar





þeirra á sýnum tíma og að reynslan af verðleiðréttum reikningsskilum hér á landi hafi almennt verið góð. Nauðsynlegt hafi reynst að bregðast við með þeim hætti sem gert var, þegar óða-verðbólga geisaði.

Hvenær er verðbólga nógu lítil til að notkun verðleiðréttra reikningsskila er ekki lengur nauðsynleg? Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli um óðaverðbólgu, þá skal beita þeim þegar uppsöfnuð verðbólga þriggja ára í röð er meiri en 100%. Slík skilyrði voru síðast til staðar 1984-1986. Menn hafa ekki látið það aftra sér við notkun verðbólgu-reikningsskila og má segja að komin sé upp góð þekking og tækni við gerð slíkra reikningsskila. Erfitt er að svara hvenær verðbólga er nógu lág, en ætla má að haldist verðlag hér á landi svipað og í helstu viðskiptalöndum okkar, þá sé notkun þeirra ekki nauðsynleg. Verðbólga síðustu ára hjá nágrannalöndum okkar hefur verið 2%-4%. Svo lág verðbólga hefur ekki náðst oft á síðastliðnum árum, en á síðasta áratug náði verðbólga hér á landi þrisvar sinnum að verða lægri en 2%.

Nú eru blikur á lofti og á árinu 2001 er útlit fyrir að verðbólga verði meira en 8%, sem er sú hæsta síðan 1990. Hækkun verðlags frá árinu 1991 til dagsins í dag er yfir 50%, sem verður að teljast all hátt, samanborið við viðskiptalönd okkar. Það er því von að menn spyrji sig hvort nú sé rétti tíminn til að leggja niður verðbólgu-reikningsskil. Hjá fyrirtækjum með mikið fjármagn bundið í fastafjármunum með stuttan afskriftatíma, getur afnám endurmats haft veruleg áhrif á eiginfjárlutfall. Mörg félög eru með uppsagnarákvæði í lánasamningum sínum fari eiginfjárlutföll niður fyrir ákveðin viðmiðunarmörk. Hætta er á að hjá sumum fyrirtækjum geti þess mörk nálgast hraðar með afnámi verðleiðréttinga. Það má því búast við þrýstingi á löggjafarvaldið um frestun á ákvæðum núverandi frumvarps.

Það er álit undirritaðs að þrátt fyrir óvenju háa verðbólgu um þessar mundir, þá muni íslenskt efnahagslíf þurfa að búa við álíka verðbólgu og helstu viðskiptalönd okkar til lengri tíma litið, svo íslensk fyrirtæki geti verið samkeppnisfær við erlend fyrirtæki. Þróun á íslenskum reikningsskilum hefur verið í þá átt að samræma þær alþjóðlegum reikningsskila-

stöðlum. Í ljósi þess og aukinnar alþjóðavæðingar íslenskra fyrirtækja, er ólíklegt annað en að fyrr eða síðar þurfi að taka upp sambærilegar aðferðir hér við reikningsskil og tíðkast annars staðar. Með því verður samanburður auðveldari á milli landa til hagsbóta fyrir lesendur reikningsskilanna.

Breytingar á reikningsskilum

Í boðuðu frumvarpi er gert ráð fyrir að verðbólgu-reikningsskilum verði hætt frá og með ársbyrjun 2002 (samkvæmt bráðabirgðaaðkvæði er fyrirtækjum þó veitt heimild til að nota verðbólgu-reikningsskil við ársreikningsgerð rekstraráranna 2002 og 2003). Með afnámi verðbólgu-reikningsskila fellur verðbreytingafærsla í rekstrarreikningi brott og gera má ráð fyrir að afskriftir verða lægri en áður, þar sem fyrningarstofnar munu ekki lengur taka endurmati. Breytingarnar munu hafa áhrif á afkomu og skattstofna, þannig að samanburður milli ára verður ekki marktækur að óbreyttu. Ein af grundvallarreglum og einkennum gagnlegra upplýsinga í reikningsskilum er að fjárhæðir milli tímabala séu samanburðarhæfar. Það er því nauðsynlegt að finna leiðir til að samanburður milli 2001 og 2002 verði marktækur í ársreikningum 2002. Það verður verkefni fagnefnda í reikningsskilum að finna út hvernig best verður að haga þeim málum, þegar lög um breytinguna liggja endanlega fyrir.

Breytingar á vinnu endurskoðenda

Fram til þessa hefur mikill hluti vinnu endurskoðenda falist í reikningslegri aðstoð fyrir viðskiptavinum sína. Þannig hafa skil á milli reikningshaldslegrar aðstoðar og endurskoðunar oft verið óljós. Endurskoðendur hafa í mörgum tilvikum annast uppstillingu á ársreikningi og samhliða þeirri vinnu gert þær kannanir sem þeir hafa talið nauðsynlegar við endurskoðun reikningsskilanna. Þannig hefur þekking þeirra oft verið meiri og nánari í gegnum þá vinnu, en þekkist þegar eingöngu er beitt hefðbundnum endurskoðunaraðgerðum. Með aukinni þekkingu starfsfólks stærri fyrirtækja hefur reikningshaldsleg vinna færst meira inn í fyrirtækin og vinna endurskoðenda falist í hinni eiginlegu endurskoðun. Við afnám verðleiðréttra reikningsskila verður uppgjörsvinnan einfaldari, sem mun auðvelda fyrirtækjum enn frekar að annast sjálf reikningshaldslega vinnu. Á allra næstu árum má því gera ráð fyrir að vinna endurskoðenda muni felast í endurskoðun á reikningsskilum, sem samin verða að mestu leyti af fyrirtækjunum sjálfum. Áfram munu þeir þó koma að úrlausn flóknari álitamála, sem upp koma við uppgjörsvinnuna.

august.johannesson@kpmg.is

Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 9. janúar 2002 kl. 12
- Skattadagur FLE, Salurinn-Tónlistarhús Kópavogs föstudagur 18. janúar 2002 kl. 13-17
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 6. febrúar 2002 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 6. mars 2002 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 3. apríl 2002 kl. 12
- Endurskoðendadagur FLE, Salurinn Tónlistarhús Kópavogs, föstudagur 19. apríl 2002 kl. 13-17
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 8. maí 2002 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 5. júní 2002 kl. 12
- Haustráðstefna, aðalfundur FLE, Hótel Loftleiðir, Þingsalir 1-4, föstudag og laugardag 8. og 9. nóvember 2002
- Árshólf FLE, Sunnusalur, Radisson SAS-Hótel Saga, 9. nóvember 2002



Haustráðstefna FLE í London 4–5 október 2001

Hefð hefur verið fyrir því að halda Haustráðstefnu FLE á erlendri grund með u.þ.b. fjögurra ára milli-bili. Árið 1997 var ráðstefnan haldin í New York og því taldi menntunarnefndin eðlilegt að Evrópa yrði fyrir valinu í þetta sinnið. Eftir umræður og vangaveltur varð heimsborgin London fyrir valinu sem ráðstefnustaður. Ástæðan fyrir því að London var valin, var ekki síst sú staðreynd að ráðstefnuhótel í London eru mjög mörg og flug-samgöngur milli Keflavíkur og London eru tiltölu-lega tíðar, sem er æskilegt þar sem búist var við góðri þátttöku félagsmanna eins og ætíð. Raunin varð einmitt sú að félagsmenn mættu mjög vel og sóttu alls 93 félagsmenn ráðstefnuna ásamt 84 mökum, eða samtals um 180 manns. Boðið var upp á þrjá möguleika í brottför og þrjá í heimferð og varð skiptingin nokkuð jöfn í öll flugin. Ráðstefnuhótelíð sem fyrir valinu varð heitir Metropole Hilton, sem er yfir 1000 herbergja hótel, með mörgum ráðstefnusölum og ágætlega staðsett í London. Hótelíð er nánar tiltekið staðsett í svokölluðu Arabahverfi. Fram kom að margir töldu staðsetningu hótelsins heppilega, þar sem ráðstefnan var einungis haldin mánuði eftir hryðjuverkin í New York og var jafnvel óttast að frekari hryðjuverk væru í undirbúningi, ekki síst á London. Ólíklegt var því talið að þetta hverfi yrði valið sem skotmark!

Fyrri dagur ráðstefnunnar var haldinn á hóteli- nu í sal sem nefnist Westminster Suite. Ráðstefnan hófst kl. 09:15 um morguninn þann 4. október og setti Símon Á. Gunnarsson formaður FLE ráðstefnuna. Því næst tók ráðstefnu- stjórninn Reynir Vignir við stjórninni og fyrstur á mælendaskrá var Geoffrey Whittington, Prófessor of Financial Accountings við University of Cambridge, en hann er nefndarmaður í IASC–Alþjóð- legu reikningsskilanefndinni. Erindi hans nefndist, Reikningsskilastaðlar og staðlasetning og stóð það yfir til hádegis, með hæfilegu hléi fyrir kaffi og te að sjálfsögðu. Smá byrjunaröðug-



Húsakynni breska félagsins eru glæsileg og tesopinn góður. Ljós: Sigurbór C. Guðmundsson

leikar voru með hljóðið í ráðstefnusalnum en það lagaðist allt saman eftir kaffihléið þegar tækni- menn hótelsins höfðu greint vandamálið. Hádegisverður var síðan snæddur á hótelinu í sal sem er við hliðina á ráðstefnusalnum og var boðið upp á léttu rétti sem ráðstefnugestir neyttu með bestu lyst.

Eftir matarhlé var fyrst á mælendaskrá Katharine Bagshaw starfsmaður The Institute of Chartered Accountants in England & Wales og fjallaði hún um áhættu og málaferli í endurskoðun. Fjallaði hún almennt um málið og fór yfir þróun og reynslu endurskoðenda í þessum málum í Englandi og víðar. Eftir erindi hennar var boðið upp á kaffi og einnig var að sjálfsögðu boðið upp á te. Þar næst steig í pontu Þorsteinn Pálsson sendiherra Íslands í London og fjallaði hann um viðskiptaumhverfið í Bretlandi, þróun og horfur. Síðasta erindið á ráðstefnunni þennan dag flutti Andrew J. Popham frá Pricewaterhouse- Coopers í London og fjallaði hann um tilskipun Evrópusambandsins um að reikningsskil skráðra félaga skuli gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eigi síðar en árið 2005. Ráðstefnudeginum lauk á réttum tíma eða rétt fyrir

fimm. Eftir það tók við frjálst kvöld með mökum sem höfðu um daginn verið í skoðunarferð um Windsor kastala með leiðsögn.

Næsti dagur föstudagurinn 5. október var með mjög ólíku sniði, því dagskráin hófst með því að ráðstefnugestir stigu upp í rútu sem ók beina leið til höfuðstöðva the Institute of Chartered Accountants in England & Wales. Þar sem umferðin þennan morguninn reyndist vera mun minni en ráð var fyrir gert, tók ferðin til höfuðstöðva Enska félagsins allt of stuttan tíma, sem leiddi til þess að fyrirlesarar voru ekki tilbúnir með sínar ræður þegar við mættum á svæðið. Það bjargaðist, því að sjálfsögðu var boðið upp á te og kaffi á meðan við biðum. Enska félagið sem tók mjög vel á móti okkur brást þannig við ofur- stundvísi okkar, að flýta sínum fyrirlestrum, sem voru mjög fræðandi og upplýsandi. Eftir fyrir- lestrana skoðuðu margir hina fallegu byggingu sem félagið á og hýsir starfsemina. Nokkur munur er á starfsemi félagsins í Englandi og hér á Íslandi og nægir að nefna að þeir eiga stórt og glæsilegt hús, en við leigjum smá húsnæði og stafsman- nafjöldi okkar er einn, en þeirra starfsmenn eru u.þ.b. 500. Einnig er gaman að geta þess að



Heimsókn maka til Windsor. Ljós: Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir

Þegar þeir tóku húsið sitt í notkun árið 1893 voru félagsmenn um 1.700, hvað voru félagsmenn margir á Íslandi á þeim tíma? Því næst var stigið upp í rútur og stefnan sett á matsöluastað sem nefnist The Dickens Inn. Þar var snæddur hádegisverður ásamt mökum sem höfðu verið í skoðunarferð um London um morguninn. Salurinn sem hádegismaturinn var borin fram í, var full lítill fyrir þennan stóra hóp og ekki er laust við að mörgum hafi verið ansi heitt í lok máltíðarinnar. Maturinn bragðaðist ágætlega, en Bretar eru nú þekktir fyrir margt annað en góða matargerð. Rúsínin í pylsuendanum var nú samt erindið sem Magnús Magnússon útvarpsmaður hjá BBC og fræðimaður flutti fyrir matargesti. Erindið sem Magnús flutti var mjög á þjóðlegum nótum og hélt hann athygli matargesta allan tímann óskiptri. Það hljóta að teljast mjög góð meðmæli með erindinu, þar sem eins og áður sagði var mjög heitt og mollulegt í salnum og allir voru mjög vel mettir (eða áttu að vera mjög vel mettir) eftir máltíðina.

Þegar ráðstefnugestir höfðu skoðað nánasta umhverfi Dickens Inn var stigið upp í rútur og haldið til Morgan Stanley bankans í Canary Warf, þar sem Sigurður Arngrímsson executive director tók á móti okkur. Ráðstefnugestum var skipt í smærri hópa og þeir leiddir um bygginguna. Þegar menn höfðu gengið um „gólfíð“ var komið saman í ráðstefnusal þar sem kynning fór fram á bankanum og starfsemi hans. Að kynningu lok-

inni komu makarnir til okkar, en þeir höfðu verið að skoða nánasta umhverfi Dickens Inn og Tower of London. Morgan Stanley bauð síðan öllum upp á léttar veitingar og eiginleg ráðstefnuslit voru síðan að þeim loknum. Ráðstefnugestir og makar voru að því búnu keyrðir í rútu upp á hótél og var ekki laust við að umferðin hafi verið all þung á leiðinni heim. Við tók síðan frjálst kvöld. Rétt er að geta þess að almenn ánægja var með mót-tökurnar hjá Morgan Stanley.

Þar með var hinni eiginlegu ráðstefnu lokið. Einn dagskrárlíður var þó eftir, sem var sameiginlegt borðhald á laugardagskvöldið 6. október, sem hófst með því að ráðstefnugestir og makar stigu upp í rútur sem fóru með fólkið að ánni Thames. Við skipulagningu ráðstefnunnar, var samkvæmt leiðbeiningum ferðaskrifstofunnar alltaf gert ráð fyrir seinkun brottfarar, vegna þess að menn mæta alltaf of seint í rútuferðir. Endurskoðendur virðast vera mun stundvísari en hinn almenni ferðamaður, því við virðumst hafa lagt of snemma af stað og þegar við komum að bryggjunni Westminster Pier, var þar enginn bátur. Að lokum kom þó báturinn sem nefndist Millenium Peace (sem betur fer var ekki rigning á meðan fólkið beið í sínu fínasta þússi á bryggjunni) og allir stigu um borð. Boðið var upp á fordykk, sest að borðum, matur snæddur, talað, sungið, hlustað á tónlist og hlegið, allt undir stjórn veislustjórans Tryggva Jónssonar. Ræðumaður kvöldsins var Ingibjörg Rafnar. Þótti þessi sameiginlegi kvöld-



Geoffrey Whittington, Prófessor of Financial Accountings við University of Cambridge og nefndarmaður í IASC-Alþjóðlegu reikningskila-nefndinni. Ljós: Siurbór C. Guðmundsson



Magnús Magnússon útvarpsmaður hjá BBC og fræðimaður. Ljós: Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir

verður heppnast ágætlega, en aftur kom í ljós að Bretar eru þekktir fyrir margt annað en góða matseld. Lagt var að bryggju á áætlan, eða kl. 22:30 og stigið upp í rútur. Fyrir þau sem ekki voru búin að fá nóg og vildu skoða lífið í stórborginni, fór ein rútan í bæinn, en hinar rúturnar óku fólkinu beint heim á hótél.

Menntunarnefndin lagði mikinn metnað í þessa ferð og vill taka það fram að töluverð reynsla er komin á þessar ráðstefnuferðir sem eru farnar með reglulegu millibili á erlendar grundir á vegum FLE og tók menntunarnefndin saman ýmsa punkta um það sem fór úrskeiðis og einnig um það sem vel tókst til með í þessari ferð, til þess að menntunarnefndir framtíðarinnar geti sem best skipulagt ráðstefnuferðir.

Menntunarnefnd FLE



Haustráðstefna FLE

Haustráðstefna félagsins var haldin fimmtudaginn 8. nóvember síðastliðinn, réttum mánuði eftir Londonferðina. Ráðstefnan, sem var öllum opin, var vel sótt ekki síst af félagsmönnum. Umfjöllunarefnið var alþjóðaskattamál og hlutverk og tækifæri Íslands í því sambandi.

Fyrstur talaði Geir H. Haarde fjármálaráðherra og fjallaði um þær miklu breytingar sem fyrirhugaðar eru á skattkerfinu og stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Jón Sigurðsson forstjóri Össurar hf. lýsti starfsumhverfi fyrirtækja séð frá sjónarhóli stjórnenda alþjóðlegs fyrirtækis og Guðjón Rúnarsson framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja fór yfir stöðu Íslands í alþjóðlegu umhverfi og árangurs annarra þjóða í alþjóðaviðskiptaumhverfinu.

Eftir kaffihlé fjallaði Peter van Dijk lögfræðingur hjá Ernst & Young í Kanada um skattskipulagningu og aukið mikilvægi hennar. Ráðstefnunni lauk síðan á því að fráfarandi formaður félagsins Símon Á. Gunnarsson flutti hugleiðingar um væntanlegar breytingar á skattalögum og hugsanlegar breytingar á störfum endurskoðenda í kjölfar þeirra.

Ráðstefnustjóri var Þorsteinn Haraldsson endurskoðandi. Alls sóttu 189 manns ráðstefnuna, þar af 168 félagsmenn og fór aðsókn fram úr björtustu vonum menntunarnefndar.

Menntunarnefnd FLE

Skattadagur FLE

Skattadagur FLE verður haldinn föstudaginn 18. janúar 2002 í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs.

Dagskrá verður send út strax eftir áramótin.



Geir H. Haarde fjármálaráðherra. MOTIV MYND / Jón Svavarsson



Peter van Dijk lögfr. hjá Ernst & Young í Kanada. MOTIV MYND / Jón Svavarsson



Fjölmenni var á ráðstefnunni. MOTIV MYND / Jón Svavarsson

Róttækar breytingar í skattamálum

Ísland í fararbroddi?

Nýverið lagði fjármálaráðherra fram lagafrumvarp á Alþingi sem felur í sér einhverjar róttækustu skattalagabreytingar í langan tíma.

Í stórum dráttum má skipta fyrirhuguðum breytingum í fjóra meginþætti. Í fyrsta lagi er um að ræða margvíslegar breytingar á skatthlutföllum og viðmiðunarstærðum skattkerfisins, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Í öðru lagi er afnám verðbólguleiðréttinga í skattskilum og reikningskilum sem er stórt skref í átt að aðlögun Íslenska kerfisins að kerfum annarra ríkja. Í þriðja lagi er lagt til að skattaleg meðferð einstaklinga í atvinnurekstri við yfirfærslu rekstrar í einkahlutafélag lúti sömu reglum og yfirfærslur milli annarra félagsforma. Í fjórða lagi eru ýmsar aðrar breytingar er fyrst og fremst snúa að túlkun og framkvæmd laganna, auk nokkurra lagfæringa varðandi atriði er óljós hafa þótt eða farist hefur fyrir að lagfæra við fyrri breytingar á lögunum. Hér á eftir verður fjallað nánar um þrjá fyrst nefndu þættina.

Auk framangreindra breytinga, sem allar felast í frumvarpi fjármálaráðherra, hefur ríkisstjórnin kynnt að gert sé ráð fyrir lækkun stimpilgjalda frá 1. janúar 2003 og jafnframt sé á döf-inni að heimila fyrirtækjum að færa bókhald og

ársreikninga í erlendri mynt frá 1. janúar 2002 að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þegar þessi grein er rituð hafa frumvörp þessa efnis ekki enn verið lögð fram á Alþingi en búast má við að svo verði gert alveg á næstu dögum eða vikum.

Séu breytingarnar dregnar saman má segja að í þeim felist smávægileg lækkun tekjuskatts einstaklinga, veruleg lækkun eignarskatta einstaklinga og fyrirtækja, veruleg lækkun tekjuskatta fyrirtækja og umtalsverð hækkun tryggingagjalds hjá rekstraraðilum.

Varðandi fyrirtækin þá er yfirlýstur tilgangur breytinganna að skapa samkeppnishæft skattalegt umhverfi þannig að Ísland geti laðað að sér erlend fyrirtæki og fjármagn. Lækkun tekjuskattshlutfallsins skipar þannig Íslandi í framvarðasveit hvað þetta varðar þar sem aðeins eitt OECD land, Írland, verður með lægra tekjuskattshlutfall en Ísland eftir þessar breytingar. Lækkun og vonandi síðar afnám eignarskatta þjónar þessum sama tilgangi enda Ísland að verða eitt á báti varðandi álagningu eignarskatta. Hins vegar er tryggingagjald hér á landi lágt miðað við mörg önnur lönd og því telja stjórnvöld að samkeppnisstöðu Íslands sé ekki ógnað þótt tryggingagjald hækki nokkuð.



Friðgeir Sigurðsson, lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði PwC

Þessar fyrirhuguðu breytingar hafa þegar skapað umtalsverðan áhuga erlendis. Hins vegar verður að segjast eins og er að til þess að ná því markmiði að gera Ísland verulega eftirsóknarverðan fjárfestingakost fyrir erlenda aðila þá þurfa að koma til frekari breytingar á skattalögum. Í lok þessarar greinar er vikið nánar að þessum breytingum.

Afnám verðbólguleiðréttinga

Verðbólguleiðréttingar skattskila hafa tíðkast hér á landi í rúmlega tvo áratugi. Á tímum mikillar verðbólgu er mikilvægt að þessi leið sé farin, en með henni er mæld raunverðsafkoma í stað nafnverðsafkomu. Þegar verðbólga er lítil er mikilvægið kannski minna. Í slíku umhverfi má segja að hagsmunir einfaldleikans vegi meira en hagsmunir nákvæmninnar.

Á síðustu árum hafa mjög ágerst þær raddir sem talað hafa fyrir afnámi verðleiðréttinga, ekki síst til að skapa samræmi við reikningskil erlendis. Í þessari umræðu hefur gjarnan verið lögð á það áhersla að afnám verðleiðréttinga verði að taka til bæði reikningskila og skattskila. Frumvarp fjármálaráðherra gerir því ráð fyrir þessu.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með því að falla frá verðleiðréttingum skattskilum sé í raun farið að skattleggja nafnverðsafkomu í stað raunverðsafkomu, sem á verðbólgutímum geti hugsanlega leitt til ofsköttunar. Hins vegar sé ljóst að taka megi tillit til hugsanlegrar

Breytingar á skatthlutföllum og viðmiðunarstærðum

Til lækkunar:

- Tekjuskattur hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaða ábyrgð lækkar úr 30% í 18% á árinu 2002, sem kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2003.
- Tekjuskattur sameignarfélaga og samlagsfélaga lækkar úr 38% í 26% á árinu 2002, sem kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2003.
- Tekjuskattur einstaklinga lækkar úr 26,08% í 25,75% frá 1. janúar 2002.
- Frítekjumark í sérstökum tekjuskatti (hátekjuskattur) hækkar um 15% vegna tekna á árinu 2001.
- Almennur eignarskattur lögaðila og einstaklinga lækkar um helming, þ.e. úr 1,2% í 0,6% í árslok 2002.
- Sérstaki eignarskatturinn, 0,25%, verður afnuminn í árslok 2002, bæði hjá einstaklingum og lögaðilum.
- Fríeignamörk eignarskatts og sérstaks eignarskatts einstaklinga hækka um 20% vegna eigna í árslok 2001.

Til hækkunar:

- Tryggingagjald hækkar um 0,77%, í 6% og kemur sú breyting til framkvæmda í staðgreiðslu frá 1. janúar 2003.



ofsköttunar eftir öðrum aðferðum en beinum verðleiðréttingum. Í ljósi þessara orða í frumvarpinu og núverandi verðbólguþignis í þjóðfélaginu er athyglisvert að frumvarpið sjálft felur ekki í sér nein úrræði til að koma í veg fyrir hugsanlega ofsköttun vegna afnáms verðleiðréttinga. Verður að telja það mikinn galla á frumvarpinu.

Yfirfærsla úr einkarekstri í einkahlutafélag

Hér er á ferðinni mjög mikilvægt nýmæli. Í því felst að einstaklingur úr atvinnurekstri getur stofnað einkahlutafélag sem tekur við öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins. Þetta á ekki að hafa í för með sér neinar skattskyldar tekjur, hvorki fyrir eigandann né félagið. Eignir og skuldur eru færðar yfir á bókfærðu verði og því má segja að með umræddri breytingu frestist skattlagning þess hagnaðar sem myndast við yfirfærsluna þar til hlutir eiganda einkahlutafélagsins, sem hann fékk sem gagnjald fyrir rekstur sinn, verða seldir.

Á undanförunum árum hafa mjög margir aðilar talað fyrir þessari breytingu enda hefur núverandi skattframkvæmd nánast gert einstaklingum í rekstri ókleift að breyta formi rekstrarins. Aðrir hafa talað gegn þessari breytingu en þá gjarnan út frá hættunni á því að aðilar með dulin verðmæti í rekstri sínum geti með breytingu sem þessari fært þessi verðmæti yfir í einhahlutafélög og svo innleyst hagnað með því að selja félagið sem inniheldur verðmætin (10% skattur) í stað þess að selja verðmætin ein og sér (38 eða 45% skattur).

Frumvarpshöfundar hafa greinilega fremur lagt sig eftir röksemdum fyrrgreinda hópsins enda gengur röksemdafærsla frumvarpsins út á það að ekki eigi að mismuna rekstraraðilum eftir rekstrarformi. Í gildandi skattalögum hefur skipting eða sameining hlutafélaga, samvinnufélaga og sameignarfélaga ekki í för með sér neinar skattalegar afleiðingar, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Eðlilegt þykir að það sama eigi við um breytingu á einstaklingsrekstri þótt heimildin sé takmörkuð við að einvörðungu er heimilt að breyta einstaklingsrekstri í einkahlutafélag.

Samfara þessum breytingum eru styrkt ákvæði laganna sem heimila skattfyrvöldum að ákvarða mönnum laun ef þeir starfa hjá einka-

hlutafélagi sem þeir eru í ákveðnum eignatengslum við og greiða sér laun sem eru lægri en það sem ætla má að þeim stæði til boða hjá þriðja aðila. Um mjög eðlileg úrræði skattfyrvalda er að ræða, sérstaklega þegar haft er í huga að skatthlutfall almennra launatekna verður frá og með næstu áramótum u.þ.b. 38%, en samanlagt skatthlutfall einkahlutafélagsins, ásamt skattlagningu á arðgreiðslum til eiganda þess, er 26,2%.

Fleiri nauðsynlegar breytingar

Hér að framan var nefnt að tilgangur fyrirhugaðra skattlagabreytinga sé ekki síst sá að reyna að stuðla að aukinni fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum fyrirtækjum og atvinnurekstri. Til þess að þetta markmið náist er hins vegar nauðsynlegt að gera breytingar á ákvæðum um skattlagningu á arðgreiðslum til erlendra aðila.

Í dag bera arðgreiðslur til erlendra aðila 0-20% skatt hér á landi og ræðst skatthlutfallið af eignartengslum erlenda aðilans við innlenda fyrirtækið og því hvort tvísköttunarsamningur er í gildi við heimaríki erlenda fyrirtækisins. Viða um lönd ganga skattareglur út frá því að arður sem fyrirtæki fá frá félögum sem þau eru í ákveðnum

eignatengslum við sé ekki skattlagður. Þessa reglu er að finna í íslenskum skattalögum og er í raun gengið mjög langt í þessum efnunum. Það skýtur því nokkuð skökku við þegar erlendir aðilar, sem almennt geta gengið út frá því að fenginn arður sé ekki skattlagður, þurfa að sæta skattlagningu á Íslandi af arði sem þau fá frá íslenskum fyrirtækjum. Þessi erlendu fyrirtæki munu væntanlega leita annað með fjárfestingar sínar og því er nauðsynlegt að breyta skattalögum hérlandis þannig að arður sem greiddur er til erlendra aðila (hugsanlega eingöngu aðila sem eru heimilisfastir í ríki sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við) sé ekki skattlagður hér á landi enda séu uppfyllt viss skilyrði um eignarhlutdeild í íslenska félaginu.

Auk þessarar breytingar mætti gera fleiri breytingar á íslenskum skattalögum til að laða að erlenda fjárfesta, en framangreind breyting er væntanlega sú langmikilvægasta, hugsanlega að frátaldri þeirri breytingu sem núverandi fjármálaráðherra hefur viðrað á opinberum vettvangi, að lækka tekjuskattshlutfall lögaðila niður í 10% og fella niður eignarskatta.

fridgeir.sigurdsson@is.pwcglobal.com

Til hamingju með afmælið

60 ára þann 1. febrúar 2002	Sigurður Guðmundsson	Endursk. Sig. Guðmunds.
55 ára þann 20. febrúar 2002	Viðar G. Elísson	Endursk. Viðars G. Elíss.
55 ára þann 8. mars 2002	Stefán Bergsson	PricewaterhouseCoopers
55 ára þann 12. mars 2002	Guðmundur J. Þorvarðars.	Bókun sf
55 ára þann 15. maí 2002	Guðmundur Þ. Frímannss.	Deloitte & Touche
55 ára þann 31. maí 2002	Björn Ó. Björgvinsson	Aðalendurskoðun
50 ára þann 23. janúar 2002	Theodór Lúðvíksson	Frakklandi
50 ára þann 8. maí 2002	Jón H. Skúlason	Bókun sf
50 ára þann 27. maí 2002	Einar Sveinbjörnsson	KPMG, Selfossi
50 ára þann 12. júní 2002	Björn Björnsson	Endursk. Björns Björns.
40 ára þann 12. mars 2002	Jónas Guðbjörnsson	Olíufélagið hf. Esso
40 ára þann 22. maí 2002	Jón Þorgeir Einarsson	Lögg. endursk. Vestfj.
40 ára þann 23. maí 2002	Garðar Jón Bjarnason	Lífeyrissj. Bankastræti
30 ára þann 13. maí 2002	Ólafur Þór Jóhannesson	PricewaterhouseCoopers



Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands

Námskeið fyrir endurskoðendur í janúar 2002. Unnin í samstarfi við menntunarnefnd FLE

Skattaréttur: Fræðileg og hagnýt atriði - Virðisaukaskattur

Almennar reglur um virðisaukaskatt og helstu nýjungar á því sviði.

Nýlegir dómur og úrskurðir yfirséðanefndar um virðisaukaskatt.

Kennari: Kristín Norðfjörð lögfræðingur og skrifstofustjóri hjá Skattstjóranum í Reykjavík.

Tími: 9. jan. 2002 kl. 16:00-19:30.

Verð: 11.200 kr. Ein: 5,25

Skattamál - Nýlegir úrskurðir og dómur

Ætlað öllum sem fara með skattamál og skattsýslan.

Á námskeiðinu verður farið yfir úrlausnir úrskurðaraðila og dómstóla á vettvangi skattamála. Fyrirlesarinn reifar og rekur dómsúrlausnir Hæstaréttar og héraðsdóms, refsímál og almenn dómsmál. Farið verður yfir þá úrskurði yfirséðanefndar, ríkisskattstjóra og skattstjóra frá síðustu mánuðum sem teljast áhugaverðir. Bindandi álit ríkisskattstjóra og yfirséðanefndar verða til umfjöllunar. Loks koma til skoðunar niðurstöður umboðsmanns Alþingis sem snerta skattframtal, sem og annarra starfsmanna er að þeim málum koma.

Ítarleg námsgögn fylgja námskeiðinu.

Kennari: Steinþór Haraldsson yfirlögfræðingur RSK.

Tími: 16. jan. 2002 kl. 16:00-19:30.

Verð: 11.200 kr. Ein: 5,25.

Skattamál - Nýlegar breytingar

Ætlað öllum sem hafa með skatta- og fjármál fyrirtækja að gera. Kynntar verða helstu breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt á árinu 2001. Einnig verður farið yfir helstu breytingar á öðrum lögum og reglugerðum sem varða

skatta og nokkur atriði sem tengjast framtalsgerð vegna tekjuársins 2001.

Kennari: Árni Harðarson hrl. hjá Deloitte & Touche.

Tími: 17. jan. 2002 kl. 16:00-19:00.

Verð: 11.000 kr. Ein: 4,5

Endurskoðendur breyta um vinnustað

Leiðréttingar og viðbætur á endurskoðendur breyta um vinnustað í júlí hefti FLE fréttar

Nafn endurskoðanda:	Vinnustaður á fyrra ári:	Núverandi vinnustaður:
Þeir sem skiptu um starfsvettvang og hættu í endurskoðun		
Alfred Atlason	Endurskoðunarstofan Alfa ehf.	Skrifstofa Garðabæjar
Árni Tómasson	Deloitte & Touche hf	Búnaðarbanki Íslands hf.
Bjarki Bjarnason	Löggiltir endursk. Vestfjörðum ehf.	Vestmark ehf.
Guðmundur Frímannsson	Deloitte & Touche hf	Verðbréfastofan
Helgi V Jónsson	KPMG Endurskoðun hf.	Lex hf
Hjörleifur Pálsson	Deloitte & Touche hf	Össur hf
Ólafur Elísson	Deloitte & Touche hf	Sparisjóður Vestmannaeyja
Þorsteinn Kjartansson	Endursk.skrifst.Þorsteins Kjartanss.	Höldur ehf.
Þeir sem skiptu um starf, en voru ekki í endurskoðun		
Gunnar R Einarsson	MP verðbréf hf.	Greining endurskoðun ehf.
Konráð Konráðsson	Loftorka	Endurskoðun Konráðs Konráðs.
Þeir sem fluttu milli stofa , flestir vegna samruna		
Arnór Eggertsson	EBEÁ	Deloitte & Touche hf
Benóni Torfi Eggertsson	EBEÁ	Deloitte & Touche hf
Halldór Arason	EBEÁ	Deloitte & Touche hf
Ómar Örn Bjarnason	EBEÁ	Deloitte & Touche hf
Rúnar B Jóhannsson	Endurskoðendapjónustan	Borgarendurskoðun
Sigurður Pálmi Sigurðsson	EBEÁ	Deloitte & Touche hf
Stefán D Franklín	EBEÁ	Deloitte & Touche hf
Sigurður Páll Hauksson	Endurskoðun Skagafjarðar	Endurskoðun Norðurlands hf.
Sigurgeir Bóasson	Endursk. Keilir ehf.	Ríkisendurskoðun



GOLF annáll

Í júlí blaði FLE fréttu á þessu ári birtist grein í blaðinu sem fjallaði um nokkrar golfferðir endurskoðendahópa til Skotlands. Einhvers konar erlendur golfannáll. Svo mjög hreifst ritnefnd að því mikla rúmi sem sú langloka tók að þeir hafa nú falast eftir annarri grein „ ekki styttri en hin fyrri“ eins og dagskipanin nánast hljóðaði. Aftur er ég sestur við og í þetta sinn til að rifja upp innlenda viðburði – einhverskonar innlendu golfannáll – en aldrei fær þó ritnefnd ósk sína uppfyllta hvað snertir lengd greinarinnar.

Í Afmælisriti FLE sem gefið var út á árinu 1995 má lesa eftirfarandi í tímatali félagsins.

Fyrsta meistaramót FLE í golfi spilað á Grafarholtsvelli í Reykjavík. Frá þessum tíma hefur mótið verið árviss viðburður.

Og enn er þetta árviss viðburður. Einföld reikningskúnt segir okkur að tuttugusta meistaramótið hafi verið spilað á sumrinu 2001. Ekki er aðeins spilað til meistaratitils heldur hafa menn til verðlauna að vinna. Auk meistaramótsins eru einnig á dagskrá okkar yfir sumarið æfingahringir, sveitakeppnir og styrktarmót og ýmislegt annað sem fundið er upp á. En færum okkur ögn aftur í tímann.

Í tilefni 50 ára afmælisárs FLE árið 1985 gaf félagið farandbikar sem keppt var um í 10 ár á árunum 1985 – 1994. Þessi bikar er geymdur á skrifstofu félagsins og á hann eru rituð nöfn allra þeirra sem unnu til meistaratitilsins á þessum árum. Á árinu 1995 – í tilefni 60 ára afmælis félagsins – gaf félagið nýjan bikar til að keppa um sem farandbikar næstu 10 árin. Það keppnisfyrirkomulag um meistaratitil félagsins sem viðhaft er byggir á forgjafaleik sem gefur öllum þátttakendum jafnan möguleika til sigurs eins og sannast hefur oftlega. Hér á eftir koma svo nöfn þeirra sem unnið hafa meistaratitil félagsins þessi 20 ár.

- 1982 Guðjón Eyjólfsson
- 1992 Guðmundur Hjaltason
- 1983 Ómar Kristjánsson
- 1993 Árni Tómasson
- 1984 Guðmundur Friðrik Sigurðsson
- 1994 Heimir Haraldsson
- 1985 Heimir Haraldsson
- 1995 Árni Tómasson
- 1986 Guðmundur Friðrik Sigurðsson
- 1996 Stefán Svavarsson
- 1987 Helgi V. Jónsson
- 1997 Hallgrímur Þorsteinsson
- 1988 Reynir Vignir
- 1998 Jónatan Ólafsson
- 1989 Heimir Haraldsson
- 1999 Jón Þ. Hilmarsson
- 1990 Ómar Kristjánsson
- 2000 Ragnar Þ. Guðgeirsson
- 1991 Emil Th. Guðjónsson
- 2001 Ómar H. Björnsson

Þannig hafa 15 félagar orðið golfmeistarar félagsins á þessum tíma. Keppendur á þessu móti eru mismargir, nú síðustu árin 15 – 20 hverju sinni, en flestir hafa þeir orðið 20 talsins, árið 1997. Hins vegar er talið að í dag séu um 40 endurskoðendur sem stunda golf að einhverju marki þannig að líklegt verður að telja að fleiri og fleiri taki þátt í meistaramóti FLE í náinni framtíð. Flestir þeirra sem voru með í fyrsta golfmótinu árið 1982 eru enn að og þannig voru 7 (af tíu) þeirra keppenda sem voru með árið 1982 einnig með í mótinu 2001. Golf á sér engin aldurstakmörk. En auk meistaramótsins hittast endurskoðendur að jafnaði 3 – 5 sinnum á ári í innbyrðis viðureignum. Á þessu ári var tekin upp sú nýbreytni að skipta endurskoðendum í 2 hópa, annars vegar þeir sem eru starfandi hjá endurskoðendaskrifstofum og hins vegar „verðbréfadrengirnir“, endurskoðendur sem starfa hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum



Sigurður Tómasson endurskoðandi

og öðrum. Hin þrjú stóru endurskoðunarfyrirtæki hérlendis, (KPMG, DTT, PWC) kostuðu hvert sitt mót og lögðu til verðlauna og veitingar og tókst mjög vel til.

Jafnframt því sem endurskoðendur etja kappi við hvern annan í ýmskonar innbyrðis viðureignum þá er árlega stofnað til 2ja liðskeppna við utanaðkomandi aðila, annars vegar við tannlækna og hins vegar við lögfræðinga. Fáar sögur hafa birst á prenti um þessar viðureignir og engin ástæða að gera breytingu þar á. Endurskoðendur hafa ávallt mætt til leiks með það í huga fyrst og fremst að eiga jafnan og ánægjulegan leik í góðum félagsskap og það hefur tekist. Lögfræðingar og tannlæknar hafa hins vegar tekið að sér að varðveita þá bikara sem keppt er um og ekki að ófyrirsynju þar sem þeir eiga sín eigin félagsheimili.

Á hverju ári er tilnefndur af forvera sínum einvaldur – golfeinvaldur. Valdatímabilið er að jafnaði aðeins eitt ár. Hlutverk hans er að sjá um fyrirkomulag og framkvæmd þeirra golfkeppna sem við höfum með okkur á hverju ári. Að lokinni meistarakeppni hvers árs halda golfmenn sjálfum sér og mökum veglegt hóf þar sem verðlaunaafhending og grín fer fram eftir ákveðnum reglum. Í hófinu árið 1995 afhenti þáverandi skipaður formaður golfdeildarinnar (golfeinvaldurinn) formanni félagsins (venjulegast sjálfkjörinn) bikarinn, sem þá hafði verið keppt um frá 1985, til varðveislu á skrifstofu fé-



Guðmundur Friðrik hefur slegið . . . Jónatan og Hallgrímur fylgjast með.



Jónatan í sandglompunni. Kúlan á leiðinni, hægra megin við stöng.

lagsins um ókomna tíð. Í þessu sama hófi afhenti formaður félagsins (hafði a.m.k. þá aldrei spilað golf) bikar þann sem keppt verður um árin 1995 – 2004. Hafði formaðurinn á orði við það tækifæri að samstaða og samheldni meðal golfiðkenda í stéttinni væri slík – og sem hann hefði svo eftirminnilega fundið fyrir þetta



Ekki velja allir einföldustu leiðina að golfholunni.

hátiðakvöld – að hin raunverulegu völd í félaginu væru hjá golfeinvaldinum. Var gerður góður rómur að máli formannsins og honum og stjórn félagsins þakkaður sá höfðingskappur að leggja til þann bikar sem keppt er um.

Efalaust finnst þeim sem til þekkja engin golfgrein hér í blaðinu fullkomin án þess minnst sé á öldungadeildina. Um nokkur ár hefur verið sérstök deild og keppni innan golfhópsins meðal þeirra sem fæddir eru 1936 og fyrr og hafa þeir einir talist til öldunga sem uppfyllt hafa það skilyrði. Er nú svo komið að þeir sem síðar eru fæddir og yngri teljast í árum hafa þrýst mjög á að komast í þessa öldungadeild og sýnist fátt verða til varnar. Þeir sem í öldungahópnum hafa verið sjá enga aðra skýringu á þessari ásókn yngri manna en sú vitneskja, sem þeir sjá svo greinilega á núverandi öldungum, að golfið gerir öldunga unga í annað sinn. Má því búast við feikilegri aukningu í þessari deild á næstu árum.

Nú er mál að linni. Ekki verður annað séð af fjölda þeirra kylfinga meðal endurskoðenda sem þátt taka í hinum ýmsu uppákomum en vel hafi til tekist með tilvist golfdeildarinnar. Þá er ekki síður um golfleikinn að segja að þar sem báðir makar spila, þá er um fjölskylduvæna íþrótt að ræða og það er ánægjulegt að sjá þann fjölda maka sem fylla hóp golfiðkenda og taka þátt af lífi og sál í þessum heiðursmanna-leik.

Að lokum eru allir þeir meðal endurskoðenda sem golfleik stunda, og ekki hafa verið í tengsl-

um við golfhópinn fram að þessu, kvattir til að setja sig í samband við einhvern úr golfhópnum þannig þeir fái póst og annað sem tilheyrir þessari starfsemi.

Í grein minni í júlí hefti FLE fréttu lét ég fylgja limru á ensku eftir einn úr golfhópnum, Jón Þ. Hilmarsson. Því miður fór ég illa með þann ágæta kveðskap og gerði ekki færri en 5 rangfærslur í texta og klúðraði að auki uppsetningunni. Er þar við engan annan að sakast en mig sjálfan sem treysti um of á það sem ég hafði heyrt en ekki skrifað niður. Höfundinn bið ég velvirðingar á þessum leiðu mistökum og leyfi mér í lokin enda þessa grein með því að endurbirta limruna.

There was fighting at Elie and then very soon
came the Brits Open at the auld great toon
but we never have seen
won on the green
such wonderful price as the wooden golf spoon.

Limra þessi hefur djúpa merkingu sem ef til vill verður ekki skiljanleg til fulls öðrum en þeim sem kynni hafa af golfíþróttinni og þeirri golfferð endurskoðenda sem farin var til Skotlands árið 2000. Ég veit að þátttakendur í þeirri ferð munu með ánægju aðstoða við limruskýringar sé þess óskað.

Skrifað í Reykjavík á fyrsta sunnudegi í adventu árið 2001.

Sigurður Tómasson

ALÞJÓÐLEG EINKABANKAÞJÓNUSTA

- ÞÍN TENGING
VIÐ FJÁRMÁLAHEIMINN

Eignastýring
Fjárfestingarráðgjöf

Varsla verðbréfa
Skattaráðgjöf

Við opnum þér greiðari leið til fjárfestinga um allan heim. Njóttu sérhæfðrar fjármálaþjónustu og faglegrar ráðgjafar sérfræðinga okkar beggja vegna Atlantshafsins. Alþjóðleg einkabankaþjónusta Kaupþings brúar bilið milli þín og fjármálaheimsins.

NEW YORK
REYKJAVÍK
LÚXEMBOURG
STOKKHÓLMUR
FÆREYJAR



KAUPÞING

Kaupþing hf. • Ármúla 13A • Reykjavík
sími 515 1500 • fax 515 1509 • www.kaupthing.is